

EFTIRLITSSKÝRSLA

Samherji fiskeldi ehf., Núpum III Núpum III í Ölfusi.



Dags eftirlits	16.5.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Samherji fiskeldi ehf., Núpum III	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Núpum III, Ölfusi	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	610406-1060	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Orri Filippusson	ÍSÁT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Heiðdís Smáradóttir	Staðsetning	390484,225 387985,195

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram í eftirliti. Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í Samherja fiskeldi ehf. að Núpum III í Ölfusi. Að Núpum III er klak- og seiðaeldisstöð. Starfsleyfið tekur til eldis á 300 tonnum seiðum laxfiska á ári og skal lífmassi í stöðinni ekki vera meiri en 120 tonn á hverjum tíma.

Eftirlitið hófst á „teams“- fundi þann 16. maí sl. og þar mættu Heiðdís Smáradóttir verkefna- og gæðastjóri fiskeldis og Orri Filippusson stöðvarstjóri á Núpum ásamt Gottskálk Friðgeirssyni frá Umhverfisstofnun. Vettvangsheimsókn var síðdegis sama dag og tóku Orri og Gottskálk þátt í því.

Boðuð dagskrá:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti.
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því.
- Eftirlitsmælingar og skráningar.
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.
- Áhersluverkefni Umhverfisstofnunar um mengaðan úrgang.
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Önnur mál, atvik, breytingar, umgengni, óhöpp og kvartanir.
- Vettvangsheimsókn- skoðun.

1. Staða á frávikum og ábendingum fyrri ára.

Ekkert eldra frávik var opið þegar komið var í eftirlit en ein ábending var sett fram í síðasta eftirliti og snýr hún að árekstrarvörnum við olúgeymi stöðvarinnar. Aðstaða við olúgeyminn var því skoðuð, myndir teknar og ekki gerðar athugasemdir þar sem geymirinn er ekki í akstursleið bíla og lyftara.

2. Farið yfir kröfur í starfsleyfi.

Fjórar skriflegar áætlanir skulu liggja fyrir; áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, neyðaráætlun, áætlun um meðhöndlun úrgangs og vöktunaráætlun vegna vöktunar á áhrifum fiskeldisstöðvarinnar á nánasta umhverfi sitt. Allar tilskyldar áætlanir liggja fyrir. Rekstraraðili ætlar að uppfæra áætlun um meðhöndlun úrgangs og senda afrit á eftirlitsaðila.

3. Mælingar og skráningar,

Mæla skal og reikna út losun í viðtaka og má fosfór ekki fara fram úr 7 kg/tonn/ári og köfnunarefni ekki fara yfir 60 kg/tonn/ári. Hreinsivirki skal ná 70% af svifögnum úr frárennslinu áður en það er losað í viðtakann. Í ársyfirliti ársins 2022 kemur fram að svifagnir í frárennslu eru mældar mánaðarlegar og lífrænt efni (BOD), fosfór og köfnunarefni voru mæld einu sinni. Losun fosfórs og köfnunarefnis var reiknuð út frá fódurnotkun og voru notaðar rauntölur frá Laxá fóðurframleiðanda. Reyndust bæði fosfór og köfnunarefni undir þeim mörkum sem sett eru í starfsleyfi. Losun er í 500 metra langan skurð (settjörn) sem rennur í vatnshlotið Sandá nr. 103-791-R og áfram í Varmá/Þorleifslæk neðan Þurárhrauns.

Árleg gagnaskil eru fyrir 1. maí ár hvert og skal senda eftirlitsaðila skýrslur með ársyfirliti og umhverfisupplýsingum stöðvarinnar. Í grein 4.1 í starfsleyfi eru upplýsingar um hvaða atriði skal skrá og nota í ársyfirlitið. Gögn hafa borist með ágætum.

4. Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.

Í Grænu bókhaldi 2022 fyrir stöðina kemur fram að notuð eru sótthreinsiefni og sápur, s.s. formalín, Buffodine, Virex og Topaz MD4. Einnig Finguel svefnlyf og Alpha Ject 3000 bóluefni.

Skoðað var í efnageymslu og öryggisblöð skoðuð. Ekki eru gerðar athugasemdir.

5. Gagnagrunnur um mengaðan jarðveg.

Kynntur var gagnagrunnur sem Umhverfisstofnun safnar upplýsingum í, um svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða grunur er um mengun. Helst eru líkur á jarðvegmengun við varaafsstöð og olúgeymi félagsins. Aðstaða til að dæla olíu á tæki skal fara fram á olúheldu plani tengdu olíuskilju, sbr. gr. 41 í reglugerð um varnir gegn olíumengun

frá starfsemi í landi.

6. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2021.

Farið var yfir áhættumat um tíðni eftirlits ársins 2022. Uppfært áhættumat fyrir stöðina mun liggja fyrir í upphafi næsta árs.

7. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir.

Nokkur endurnýting eldisvatns er í stöðinni en fyrirhugað er að auka endurnýtingu með hreinun vatns í tromlusíum, loftun á koltvísýringi og íblöndun á súrefni. Aðstaða til þess er í byggingu.

Urðun dauðfisks er hætt. Dauðfiskur er hakkaður og notaður til áburðar á úthaga eða ef umfangið er meira, þá er kominn á samningur við Fóðurstöð Suðurlands um að taka á móti dauðfiski og vinna í dýrafóður.

Engin mengunaróhöpp né slys hafa orðið á árinu og engar kvartanir vegna starfseminnar hafa borist.

Kynnt var ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar sem tók gildi 1. mars sl. og eins breytt fyrirkomulag við boðun eftirlits.

Umhverfisstofnun hefur breytt verklagi sínu varðandi boðun eftirlita og mun héðan í frá boða reglubundnar vettvangsheimsóknir með skemmri fyrirvara en venja hefur verið. Tímasetning vettvangsheimsókna getur einnig verið utan hefðbundins skrifstofutíma, á kvöldin og um helgar.

8. Vettvangsheimsókn – skoðun í stöðinni

Farið var í skoðun á fiskeldisstöðinni. Stöðvarstjóri tók á móti fulltrúa Umhverfisstofnunar og hófst heimsóknin á stuttum fundi. Gengið var um stöðina og aðstaðan skoðuð. Fóðurgeymsla, efnageymsla og hreinsivirki í frárennli skoðuð sérstaklega og breytingar sem gerðar hafa verið á stöðinni. Enn er unnið að hreinsivirki sunnan stöðvarinnar þar sem aukin endurnýting eldisvatns mun fara fram. Tromlusía og annar búnaður er kominn á staðinn.

Tiltekt utanhúss þarf að fara fram þegar yfirstandandi framkvæmdum lýkur.

ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðili skal uppfæra áætlun um meðhöndlun úrgangs og senda afrit á eftirlitsaðila.

2. Rekstraraðila er bent á ákvæði í 41. grein reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, kröfur til neyslugeyma. *Afgreiðsluplan tengt í olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á bifreiðar.*

3. Tiltekt utanhúss þarf að fara fram þegar yfirstandandi framkvæmdum lýkur.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 14.06.2023



Gottskálk Friðgeirsson